

Mánudaginn 6. desember 1993.

Nr. 491/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Thanh Thoung Bui.

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 1. desember 1993, sem barst Hæstarétti 2. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur yfir á hættulegri atlögu með hníf að tveimur mönnum á lóð Menntaskólans í Reykjavík við Lækjargötu aðfaranótt 21. nóvember sl. Varnaraðili hefur að hluta játað aðild að þeim verknaði. Brot þetta getur að lögum varðað fangelsi allt að 16 árum.

Með hliðsjón af þessu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálaskostnaður hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Thanh Thoung Bui, kt. 100259-2149, með lögheimili að Skúlagötu 62, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 14. janúar nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 211., sbr. 20. gr. og/eða 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Við yfirheyrslur fyrir lögreglu sem og hér fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa veist að Ragnari Ólafssyni með hnífi í Lækjargötu í Reykjavík aðfaranótt 21. nóvember sl. með þeim afleiðingum, að hann hafi hlotið

af áverka á hægri upphandlegg. Í læknisvottorði Magnúsar Páls Albertssonar kemur fram, að áverki sá, sem Ragnar hlaut við hnífstunguna, hafi upphaflega verið lífshættulegur, þar sem upparmsslagæð hafi verið sundur skorin að hluta, og því hafi verið hætt við, að honum blæddi út. Auk þess var taug í handlegg sundur skorin og vöðvar. Kærði hefur ekki viðurkennt að hafa lagt til Hlyns Eggertssonar og veitt honum áverka með hnífi, en í kröfugerð lögreglu er greint frá því, að við rannsókn málsins hafi komið fram upplýsingar, sem renni stoðum undir þann grun, að kærði hafi verið valdur að árásinni á Hlyn eða átt verulegan þátt í henni. Hlynur hlaut verulega áverka af árásinni, en hann var m. a. stunginn í brjóst.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, en í greinargerð lögreglu kemur fram, að líklegt sé, að yfirheyra þurfi fleiri vitni. Þeirra á meðal séu aðilar, sem eru af vétnömsku bergi brotnir eins og kærði.

Brot það, sem kærði hefur viðurkennt að hafa framið, getur varðað hann fangelsi allt að sextán árum, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, eða ævilangt, sbr. 211. gr., sbr. 20. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Ber því með hliðsjón af ofangreindu, rannsóknargögnum málsins og vísan til 1. mgr. a-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina þá kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til þess, er dómur fellur í máli hans, þó eigi lengur en til 14. janúar 1994 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Thanh Thoung Bui, sæti gæsluvarðhaldi áfram, allt þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 14. janúar 1994 kl. 16.00.